



LOGOS

Reykjavík · London

Hjördís Halldórsdóttir

Lögmaður, eigandi

540 0312

860 2312

hjordis@logos.is

Hjördís er lögmaður með leyfi til málflytninga fyrir Hæstarétti. Hún er með LL.M. gráðu í lögum og upplýsingatækni frá Stokkhólmsháskóla. Hjördís hefur lengi verið einn af leiðandi lögmönnum á Íslandi á sviði upplýsingatækni og hugverkaréttar. Önnur sérsvið hennar eru kröfuréttur, þ.m.t. eins og hann varðar fjármálaþjónustu, málflytningur, verktakaréttur, opinber innkaup og orkulöggjöf. Hjördís hefur um árabil sinnt kennslu svo sem í upplýsingatækni, fasteignakauparétti og almennum viðskipta- og neytendarétti m.a. hjá lagadeild Háskóla Íslands, í Háskólanum í Reykjavík, hjá Opna Háskólanum, Endurmenntun og Lögmannafélagi Íslands. Auk þess hefur hún haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra fyrir fyrirtæki og stofnanir í tengslum við persónuvernd og upplýsingatækni. Þá hefur hún sinnt kennslu á námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda frá árinu 2008. Hjördís er formaður Höfundaréttarfélags Íslands, er aðalmaður í Höfundaréttarnefnd og situr auk þess í stjórn Lögfræðingafélags Íslands. Hjördís hefur mikla reynslu af viðskiptalífinu og hefur m.a. setið í stjórn Regins ehf., Eignarhaldsfélaginu Smáralind ehf. og Fasteignafélagi Íslands ehf. Árin 2007-2008 var hún ritari stjórnar Lögmannafélags Íslands og árin 2008-2009 varaformaður stjórnar. Hjördís hóf störf hjá LOGOS árið 2000 og hefur verið meðeigandi frá árinu 2006.

Starfssvið

- Fjárhagsleg endurskipulagning
- Fjármálaþjónusta og regluverk
- Fjármögnun fyrirtækja og fjármagnsmarkaðir
- Hugverkaréttur og upplýsingatækni
- Málflytningur
- Opinber innkaup
- Orkulöggjöf
- Persónuvernd
- Stjórnsýsluréttur og skipulagsmál
- Verktakaréttur, eignaréttur og fasteignakaup

Starfsferill

2000-	LOGOS lögmannsþjónusta
1999	A&P lögmenn
1998-1999	Landbúnaðarráðuneytið

Menntun

2012	Hæstaréttarlögmaður
2003	Stockholms Universitet, LL.M. í lögum og upplýsingatækni
1999	Héraðsdómslögmaður
1998	Háskóli Íslands, cand.jur.